

Reykjavík, 19. október 2020

Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2021 og tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025.

UMFÍ lýsir yfir ánægju með heildarumfang fjárlaga fyrir árið 2020 og fjármálaáætlun til næstu fimm ára. Fljótt á litið er nokkuð um nýjungar og tímabæra uppstokkun á einstökum liðum til fjárlaga horft fram á við.

Sérstaklega ber að hrósa stjórnvöldum fyrir [fyrirhugað frumvarp](#) til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (skattalega hvata vegna starfsemi til almannaheilla – þriðja geiran). UMFÍ skilaði ásamt fleirum inn umsögn um fyrirhugað frumvarp, sem er til þess fallið að færa fyrirkomulag frjálsra félagasamtaka nær því sem tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Sérhvert skref á þeirri leið er skref í rétta átt. Sérhvert skref sem leiðir til þess að styrkja umhverfi frjálsra félagasamtaka er jafnframt skref í sömu átt.

Ef heldur sem horfir er framtíðin björt.

En auðvitað er alltaf hægt að gera gott verk betra og UMFÍ vill vekja athygli á eftirfarandi.

Drög að frumvarpi um fjárlög bera með sér útgjaldaaukningu í málaflokknum *Menning, listir, íþróttar og æskulýðsmál*. Heildarútgjöldin á fjárlögum 2020 nema 16.158 milljónum króna. Þegar hins vegar er horft á einstaka liði má sjá að liðirnir Safnamál og Menningarsjóðir aukast umtalsverð á milli ára á sama tíma og útgjöld til Menningarstofnana og Íþróttar- og æskulýðsmála dragast saman um 400 milljónir króna á milli árunna 2019-2020. Á sama tíma var verðbólga 3,5% á ársgrundvelli í lok september. Líta má á að framlagið dragist því í raun saman um 4,0-4,5% á milli ára á sama tíma og laun og verðlag hækka.

Útgjöld hins opinbera til íþróttar- og æskulýðsmála eru m.a. í formi ríkisframlags til UMFÍ.

Ríkisframlagið er UMFÍ og öðrum íþróttar- og æskulýðssamtökum gríðarlega mikilvægt enda gefur framlag UMFÍ fólki kost á að taka þátt í fjölbættu félagsstarfi, óformlegu námi og iðkun fjölbreyttra íþróttar um allt land. Aðildarfélag UMFÍ standa fyrir skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi um allt land og einnig hafa samtökin síðastliðin 15 ár starfrækt Ungmennabúðir UMFÍ og haldið Unglingalandsmót UMFÍ á mismunandi stöðum á landinu þar sem börn og ungmenni koma saman með foreldrum sínum um verslunarmannahelgi. Það eflir fjölskylduböndin á heilbrigðum forsendum. Niðurstöður Rannsóknar & greiningar sýna fram á að þessi blanda virkar afskaplega vel í forvarnarmálum og hefur frestað því að ungt fólk hefði neyslu á áfengi eða öðru efni – eða sleppi því alfarið. Slíkur er árangurinn að horft er til Íslands sem fyrirmyndar í forvarnarmálum í öðrum löndum. Í eðlilegu árferði koma

til landsins fjöldi erlendra gesta sem m.a. heimsækja UMFÍ til að fræðast um almenningsíþróttir og forvarnarstarf ungmennafélagshreyfingarinnar. UMFÍ vinnur auk þess að fræðslumálum og stuðlar með vinnu sinni með ungu fólki að aukinni lýðræðisþátttöku.

Ríkisframlag hefur hins vegar ekki þróast í takt við verðlag. Fyrir áratug (2010) lækkaði framlag hins opinbera til UMFÍ af völdum fjármálahrunsins. Það var árið 2010 104,5 milljónir króna. Það var beggja vegna við 100 milljónirnar á hverju ári næstu sex árin. Árið 2016 þokaðist það upp í 117,6 milljónir króna.

Síðastliðin þrjú ár hefur framlag hins opinbera til UMFÍ numið 129,6 milljónum króna á ári. Óbreytt framlag þrjú ár í senn skýrist af tímamótasamningi sem mennta- og menningarmálaráðherra gerði við UMFÍ en það var fyrsti samningurinn sem ráðuneytið gerði við félagasamtök og varði í meira en eitt ár í senn.

Vel má færa fyrir því rök að ríkisframlagið til UMFÍ hafi rýrnað í tímans rás. Það er ekki verðtryggt og fylgir því ekki verðlagsþróun. Ef ríkisframlagið hefði haldið í við verðlag í gegnum tíðina hefði það hækkað í samræmi við vísitölu og með réttu átt að fara yfir 200 milljónir króna árið 2018. Í stað þess vantar enn 70 milljónir króna upp að það sambærilegt og það var árið 2010. M.ö.o. UMFÍ sinnir starfi sínu – og meira en það – fyrir minna fjármagn en áður og hefur gert það í meira en áratug.

UMFÍ stækkar

Á sama tíma og ríkisframlagið hefur haldist óbreytt – í raun tugum milljónum króna lægra en áður - hefur ungmennafélagshreyfingin sprungið út. Hún hefur raun verið á fleygiferð. Á síðasta ári voru þau tímamótaskref stigin að þrjú íþróttabandalög fengu aðild að UMFÍ. Það skref hefur verið 20 ár í vinnslu. Þetta eru íþróttabandalögin Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR), Íþróttabandalag Akureyrar (ÍBA) og Íþróttabandalag Akraness (ÍA). Með aðildinni stækkaði UMFÍ gríðarlega, varð um það bil tvöfalt stærra en áður. Allt stækkaði, fjöldi félagsmanna, iðkenda á öllum aldri, tengslanet og kraftur landssambandsins.

Eftir inngöngu þriggja íþróttabandalaga í UMFÍ eru sambandsaðilar nú 28 talsins, sem skiptast í 21 íþróttahérað og sjö ungmennafélög með beina aðild. Alls eru innan UMFÍ 450 félög með rúmlega 270 þúsund félagsmenn.

Krafa um fagþekkingu um allt land

Starfsemi UMFÍ byggir eins og önnur félagasamtök að stórum hluta á sjálfbóðaliðastarfi, eigin fjármögnun og ríkisframlagi. Ríkisframlag er um þriðjungur af tekjum UMFÍ. Meginmarkmið aðgerða ríkis og sveitarfélaga samkvæmt íþróttalögum er að stuðla að því að allir landsmenn eigi þess kost að iðka íþróttir við sem hagstæðust skilyrði. Tilgangur æskulýðslaga er líka að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi og skapa sem besta aðstæður fyrir þau sem virkir þátttakendur í samfélaginu.

Krafa hefur aukist um fagþekkingu fólks í verk sem sjálfbóðaliðar eða starfsfólk með aðra þekkingu sinnti áður. Þetta skýrist af nýlegum persónuverndarreglum, breytingar á lögum um sakavottorð í íþróttastarfi og fleiri þáttum sem tíðkast í tæknivæddu nútímasamfélagi. Þetta krefst þekkingar sem best er vistuð hjá sambandsaðilum um allt land.

Samningar ríkis við UMFÍ eru jafnframt til þess fallnir að styðja við velsæðaráherslur ríkisstjórnarinnar og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem m.a. hafa það að markmiði að efla forvarnir, styðja við íþróttalíf og æskulýðsstarf, sem hefur m.a. jákvæð áhrif á andlega líðan og heilbrigði einstaklinga.

Framtíðarsýn sem gengur erfiðlega upp

Eins og frumvarp til fjárlaga og fjármálaáætlun 2021-2025 líta nú út þá er að mati UMFÍ ósamræmi við þá framtíðarsýn og meginmarkmið sem horft er til. Verði niðurstaðan í samræmi við áætlunina þá eykur hún líkurnar á því að ríkisframlag til UMFÍ og annarra samtaka í íþrótt- og æskulýðsstarfi lækki. Í framhaldi af því má telja hættu á að fjari undan þeim jákvæðu verkefnum sem UMFÍ og aðildarfélögin standa fyrir í íþrótt- og æskulýðsstarfi og þá ekki síst í forvarnarþættinum. Það er ekki til þess fallið að vera samfélaginu til góða.


Stuðningur við íþrótt- og æskulýðsstarf er allra hagur. Það kemur því verulega á óvart á þessum óvenjulegu tímum að við séum stödd á þeim stað að boða skerðingar á málaflokksnum íþrótt- og æskulýðsstarfs. Við verðum að vinna saman og hið opinbera að sýna meiri vilja til að vinna með félagasamtökum við að bæta og efla lýðheilsu. Það léttir álagi á heilbrigðiskerfið og þar með hag samfélagsins, til viðbótar að létta lund þeirra sem ná að bæta lýðheilsu sína. Aldrei hefur verið mikilvægara að stuðla að breiðri þátttöku í félagsstarfi og íþróttum, hreyfingu og virkni í samfélaginu.

Nú verða allir að leggja hönd á plóg, snúa bökum saman. Við mælum með því að hið opinbera hækki framlög til málaflokksins, til eflingar íþrótt- og æskulýðsstarfs. Margfeldisáhrifin eru svo mikil. Eins og verkefni UMFÍ og fleiri félagasamtaka hafa sýnt fram á þá margfaldast þar hver króna lögð er í verkin. Hún stækkar ekki aðeins heldur skilar sér aftur til samfélagsins í betri einstaklingum, sterkari einstaklingum, heilbrigðari einstaklingum. Það léttir á heilbrigðiskerfinu og er samfélaginu til góða.

Vinum saman

Forsvarsfólk UMFÍ er reiðubúið til frekari útskýringa og aðstoðar á fleiri stigum málsins ef þess er óskað. Allt sem leiðir til þess að gott verk verði enn betra.

Virðingarfyllt,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ